



Fjölbrautaskóli Suðurnesja

Keflavík – Njarðvík

Pósthólf 100 Sími 92-3100

27. fundur var haldinn mánudaginn 24. júlí 1978, kl. 20:00.
Mettir voru: Gunnar Sveinsson, Eggert Ólafsson, Jón Hólmgeirsson,
Bergmann Þorleifsson, Ingvar Jóhannsson og Ingólfur Halldórsson.

I. Byggingarmál.

Ingólfur Halldórsson gerði grein fyrir þeim kostnaði sem þegar hefur verið stofnað til vegna byggingar skólans. Kostnaður er þegar orðinn rúmar 70 milljónir. Einnig gerði hann grein fyrir því sem til þarf, til þess að gera skólann kennsluhæfan.

Skólanefnd skoðaði framkvæmdir og var sammála um að byggingarframkvæmdum yrði lokið fyrir skólasetningu ef ekkert óvænt kemur upp.

II. Kennararáðningar.

Borist hafa 17 nýjar umsóknir. Þar af eru 15 sem komið hafa í gegn um menntamálaráðuneytið en 2 umsóknir hafa komið til skólameistara.

Nefndin leggur til að eftirtaldir verði settir til eins árs:

Erla Elín Hansdóttir, BA í dönsku

Erlingur Jónsson, 2/3 í mynd- og handmennt

Hjalti Jón Sveinsson, BA í íslensku

Jón Agnar Ármannsson, BS í líffræði

Leó Jóhannsson, fil. kand, 1/2 staða í sögu

Ólafur H. Kjartansson, faggreinar í málmiðnaði

Þorsteinn Gunnarsson, BA í stærðfræði

Sævar Reynisson, viðskiptafræðingur.

Frestað var afgreiðslu á umsóknum Hjálmars Arnasonar og Arnars Sævars Þorleifssonar.

Ekki var mælt með eftirtöldum umsóknum:

Eyjólfur Þór Jónsson

Guðmundur Gíslason

Kári Egill Kaaber

Stefán G. Hjálmarsson

Þórunn Magnúsdóttir.

Jón Kr. Margeirsson lagði inn umsókn en dró hana til baka.

Þorsteinn Ólafsson sækir um starf við skólann frá næstkomandi áramótum að telja.

Nefndin mælir með að Gizur Í. Helgason verði skipaður kennari við skólann.

III. Óskar Jónsson hefur lagt fram bréf frá Wiehmann Motorfabrikk, en þar dvaldi hann um tíma til að kynna sér nýjungar og naut til þess styrks frá F.S.

IV. Skólanefnd mælir ekki með að starfrækt verði annars árs nám á tréðnaðarbraut vegna þess að þátttaka var engin.

V. Nefndin samþykkir að fela skólameistara að kynna sér snyrtingu sem valgrein við skólann.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.